



FRÉTTABLAÐIÐ



Íbúar á Hrafnistu í Hafnarfirði komu saman í gær og horfðu á útför Elísabetar II. Bretadrottningar sem fram fór í Westminster Abbey. Íbúarnir klæddu sig upp á í spariföt og settu upp hatta eins og tíðkast á konunglegum viðburðum sem þessum. Um tvö þúsund manns voru viðstödd útförina sjálfa, þar á meðal Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

Reglulegir örvunarskammtar nauðsyn

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segir líklegt að Covid-19 faraldrinum fari að ljúka. Undir það tekur yfirmaður hjá Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.



Hans Kluge, yfirmaður Evrópuskrifstofu WHO



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

legt að honum fari að ljúka. Kári lýsir veirunni sem „eldgamalli púkalegri veiru í bell-bottoms“ en bendir þó á mikilvægi örvunarskammta.

Kári gerir grein fyrir máli sínu með því nota „titer“, sem hann útskýrir að sé relativur mælikvarði sem sé notaður til að mæla mótaefnamagn í blóði, og sé gagnlegur þegar að kemur að samanburði.

„Eftir að ég fékk þriðja skammtinn í ágúst í fyrra var ég með 17.500 titer,“ segir Kári og bætir við að þegar liðið hafi fram á vor hafi gildið verið komið niður í 2.750. „Ég sýktist síðan

af veirunni í apríl og eftir það var ég með 63.000 titer.“

„Þetta eru ekki flókin vísindi,“ segir Kári og bendir á að Covid sé ólík mörgum öðrum veirusýkingum að því leyti að oftast þurfi að skerpa á mótfeinu með örvunarskömmtum.

„Við getum komist út úr bráðafasanum því við erum með góð töl til þess, en því fylgir auðvitað einn fyrirvari sem er sá að það veit enginn hvort enn eigi eftir að birtast enn skæðari afbrigði veirunnar,“ segir Hans Kluge, yfirmaður Evrópuskrifstofu WHO, spurður um það

hvort Covid-19 heimsfaraldurinn sé að klárast.

Hann segir að tvennt skipti mestu máli til að koma í veg fyrir frekari samkomutakmarkanir og það sé að fólk þiggi örvunarskammt, sérstaklega viðkvæmir hópar, og að öll lönd séu með strangt eftirlit þannig að komi önnur og ný afbrigði upp sé hægt að bregðast við því sem fyrst.

Spurður hvort það sé ekki þörf á að allir fái örvunarskammt, en ekki aðeins viðkvæmir hópar, tekur Kluge sjálfan sig sem dæmi.

„Ég er 52 ára og í góðu formi. Ég hleyp reglulega en ég fékk Covid í upphafi sumars og var verulega veikur í þrjá daga. Þetta er ekki venjuleg influensa. Ef það eru til örvunarskammtar, þá ætti að nota þá,“ segir Kluge, viðkvæmir hópar eigi þó að vera í forgangi. ■

Kallar konurnar svikakvendi

STJÓRN MÁL „Þetta er tóm lygi, þessar konur eru svikakvendi, en aftur á móti hef ég haft í flimtingum oft en einu sinni að ég hafi aldrei tekið á konu nema undir sæng við eðlilegar aðstæður. En það er helber lygi að ég hafi beitt þær ofbeldi,“ segir Hjörleifur Hallgríms Herbertsson, fyrrverandi ritstjóri Vikudags á Akureyri og kosningastjóri Flokks fólksins.



Hjörleifur Hallgríms Herbertsson

Flokkur fólksins logar stafnanna á milli á Akureyri eftir alvarlegar ásakanir. Varaformaður segist ekki biðjast afsökunar. Þeir sem vilji hætta í flokknum skuli gera það. **SJÁ SIÐU 4**

Multivan T7 eHybrid

7 manna fjölskyldubíll

HeKla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.volkswagen.is





Útlendingastofnun er til húsa á Dal-
vegi 18 í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vilja stofnunina í Reykjanesbæ

sigurjon@frettabladid.is

ALÞINGI Fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja að Útlendingastofnun verði flutt til Reykjanesbæjar, þeir hafa lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis.

Í greinargerð sem fylgir tillögunni segir að 86 störf Útlendingastofnunar myndu flytjast til Reykjanesbæjar og þar af leiðandi tryggja fjölbreytt atvinnutækifæri utan höfuðborgarsvæðisins, ásamt því að hlutfall háskólamenntaðra íbúa bæjarfélagsins myndi hækka.

„Þar að auki býr fjöldi innflytjenda á Sudurnesjum sem nýtir sér þjónustu stofnunarinnar, en um 9% íbúa bæjarins eru af erlendum uppruna,“ segir í greinargerðinni.

Flutningsmenn tillögunnar benda einnig á nálægð við Keflavíkurlugvöll, þar sem yfirgnæfandi hluti þeirra sem sækjast eftir alþjóðlegri vernd kemur til landsins. ■

Útför drottningarinnar



Útför Elísabetar II. Bretadrottningar fór fram í Westminster Abbey í gær en drottningin lést þann 8. september síðastliðinn. Elizabeth Alexandra Mary Windsor fæddist í London þann 21. apríl árið 1926. Hún giftist Filippusi prins árið 1947 og tók við krúnunni í Bretlandi þann 6. febrúar 1952 eftir dauða föður síns, Georgs VI. konungs. Á myndinni sjást Karl III. Bretakonungur og Kamilla eiginkona hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Berdreymi hefur unnið til átta alþjóðlegra verðlauna.

MYND/ADSEND

Framlag Íslands til Óskarsverðlauna

sigurjon@frettabladid.is

MENNING Kvikmyndin Berdreymi hefur verið valin sem framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna árið 2023. Myndin var valin af dómnefnd sem skipuð var fulltrúum allra fagfélaga auk fulltrúa kvikmyndahúsa, gagnrýnenda og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Í fréttatilkynningu frá Eddunni segir að valið hafi verið

erfitt og að myndirnar sem komu til greina hafi þótt óvenju sterkar, en Berdreymi stóð upp úr.

„Hér er á ferðinni áleitinn saga sem sett er fram af látleysi og yfirvegun og leyfir sér að ganga nálægt áhorfanda. Einstök frammistaða og hugrekki ungra leikara á sérstakt lof skilið fyrir stóran þátt sinn í áhrifmætti verksins,“ segir í rökstuðningi dómnefndarinnar. ■

Fengu óvæntan leynigest með sér kringum Hrísey

Sex manna hópur úr róðardeild Nökkva á Akureyri réri í kringum Hrísey, þar af fjórir á SUP-brettum. Selur elti hópinn og andarnefjur skoðuðu hvað væri að gerast á yfirboðinu.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Svona er lífið í Eyjafirði,“ segir Sigrún Björg Aradóttir sem skipulagði ferð í kringum Hrísey um helgina á svokölluðum SUP, eða Stand Up Paddle, brettum. Hópurinn, sem taldi sex manns, fór á fjórum SUP-brettum og tveimur sjökajakum. Hópurinn réri í rölegheitum 16 kílómetra leið í dásamlegu veðri og var tæpa sex klukkutíma í ævintýrum og félagsskap óvæntra gesta.

„Við vorum með virkan fylgjanda alla leið. Það var selur sem fylgdi okkur nánast allan hringinn sem var óvænt ánægja. Svo sáum við stórhveli í fjarska en andarnefjur komu frekar nálægt okkur til að skoða.“

Þetta var frábær leið til að sjá eyjuna því Hrísey sést frá öðru sjónarhorni þegar maður er að róa meðfram henni. Allir þessir klettur og dýralífið sem er alveg magnað,“ segir Sigrún.

Hópurinn tók ferjuna yfir um morguninn og heim aftur um kvöldmatarleytið. Hún segir að ferðin hafi verið ákveðin með frekar skömmum fyrirvara. Væðurspáin hljómaði vel og spegilsléttur sjór heillaði hópinn.

Hún segir að dagurinn hafi verið fljótur að líða. „Við vorum ekkert að drifa okkur. Þetta var það sem ég kalla sálarhleðsla. Þarna vorum við bara að njóta. Þetta leið mjög hratt en ég var alveg þreytt eftir þetta. Það var freistandi að róa yfir til baka til Akureyrar en ég er fegin að við tókum ferjuna,“ segir hún og hlær.



Hópurinn réri hringinn í kringum Hrísey, sextán kílómetra, og tók það tæpa sex klukkutíma að klára ferðina.

MYND/ADSEND



Það var selur sem fylgdi okkur nánast allan hringinn sem var óvænt ánægja.



Sigrún Björg Aradóttir

„Mér finnst SUP alveg æðislegt og er alveg háð þessu. Ég verð þunglynd ef það líður of langt á milli ferða. Það er ótrúlegur máttur yfir hafinu. Það rennur af manni öll þreyta og maður kemst í algjört núvítundarástand.“

Hún segir að ræðarar á Akureyri séu duglegir að hittast og róa um fjörðinn sem geymi fjölmargar perur sem sjást ekki frá þjóðvegnum. „Við vorum með byrjanda í hópnum sem hafði aldrei gert þetta áður. Edda Gunnarsdóttir var að stiga í fyrsta sinn á SUP-bretti og gerði það svona snilldarlega vel.“

Eyjafjörðurinn er alveg magnað svæði og það eru margar faldar perur sem maður kemst ekkert að nema sjóleiðina. Það er alveg slatti af fólki sem á bretti og er að róa hér á Akureyri enda æðisleg hreyfing og útivera,“ segir Sigrún. ■

Oktoberfest

Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955



FRJÁLS

TOYOTA LAND CRUISER



Verð frá: 10.360.000 kr.

KINTO Langtímaleiga

Verð frá: 213.000 kr.

KAUPAUKI FYLGIR AFMÆLISÚTGÁFU

998.000 kr. kaupauki fylgir áfram í takmarkaðan tíma.*

33" breyting, heilsársdekk og felgur, hliðarlistar, hlíf undir framstuðara, hlíf á afturstuðara, krómlisti á hlera og krómstútur á púst.

TOYOTA – MEST SELDA
BIFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI

32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN AÐVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Land Cruiser og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

Kalt og blautt sumar olli dræmri aðsókn að tjaldsvæðum

sigurjon@frettabladid.is

FERÐALÖG Helsta ástæðan fyrir því að aðsókn á tjaldsvæði landsins í ár var aðeins í meðallagi er kalt og blautt sumar ef marka má rekstraraðila nokkurra tjaldsvæða á landinu.

„Aðsóknin er orðin meiri þetta sumarið en árið 2019. Við getum ekki kvartað,“ segir Ásgeir Hreiðarsson, framkvæmdastjóri Hamra á Akureyri. Ósanngjarnt sé að bera sumarið í ár við það í fyrra, enda hafi verið gott veður í júlí og ágúst

í fyrra, samanborið við kulda og bleytu á þessu ári.

„Það var meiri aðsókn en ég átti von á miðað við tíðarfarið. Þetta er rétt rúmlega helmingur af því sem var í fyrra en það var stærsta sumar frá upphafi frá okkur,“ segir Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum, um sumarið í Ásbyrgi. Bergrún Arna Þorsteinsdóttir, aðstoðarskógarvörður á Hallormsstað, segist aldrei hafa séð eins ár og þegar heimsfaraldurinn geisaði. „Covid-tíminn var sprengja hjá okkur, því flestir

“

Covid-tíminn var sprengja hjá okkur.

sem gistu þá voru Íslendingar sem gátu ekki ferðast annað,“ segir hún. „Það skiptir sköpum hvort sumarið sé lélegt eða gott hjá okkur,“ segir hún og bætir við að Íslendingar elti veðrið. ■



Aðsókn að tjaldsvæðum er víða komin á sama stað og fyrir heimsfaraldurinn, þrátt fyrir meðalaðsókn í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
AUDUNN

Tuttugu og tvær hraðamyndavélar eru í notkun á 28 stöðum á Íslandi.

Tugir þúsunda keyrðu of hratt

birnadrofn@frettabladid.is

UMFERÐ Alls voru skráð yfir 40 þúsund hraðabrot með sjálfvirkum myndavélum á síðasta ári. Um nítján þúsund þeirra voru á höfuðborgarsvæðinu.

Mesti hraði sem mældist með sjálfvirku hraðaeftirliti árið 2021 var 166 kílómetrar á klukkustund og að meðaltali voru skráð 111 hraðabrot á hverjum degi. Þetta kemur fram á vef Vegagerðarinnar. ■

Eldissvæðin nú öll umhverfissvottuð

benediktboas@frettabladid.is

LAXELDI Arnarlax hefur hlotið ASC-vottun fyrir eldisstöð sína í Fossi, Arnarfirði. Um er að ræða eina ströngustu umhverfissvottun í fiskeldi í heiminum.

Með vottuninni skuldbindur eldisstöðin sig til að draga úr áhrifum á vistkerfi á ýmsan hátt, oft umfram það sem lög og reglur kveða á um.

Gæðastjóri Arnarlax segir nú öll virk eldisvæði Arnarlax ASC-vottuð. Lögð sé áhersla á að starfsemin hafi sem minnst áhrif á náttúruna. ■

Segir flokkssystur vera svikakvendi

Flokkur fólksins logar stafnanna á milli á Akureyri eftir alvarlegar ásakanir. Varaformaður segist ekki biðjast afsökunar á neinu. Þeir sem vilji hætta í flokknum skuli gera það.

bth@frettabladid.is

STJÓRN MÁL „Þetta er tóm lygi, þessar konur eru svikakvendi, en aftur á móti hef ég haft í flimtingum oftar en einu sinni að ég hafi aldrei tekið á konu nema undir sæng við eðlilegar aðstæður. En það er helber lygi að ég hafi beitt þær ofbeldi.“

Þetta sagði Hjörleifur Hallgríms Herbertsson, fyrrverandi ritstjóri Vikudags á Akureyri og kosningastjóri Flokks fólksins, í gærkvöld. Nokkru áður var hann borinn þungum sökum á fundi þriggja kvenna í forystusveit flokksins. Þær héldu blaðamannafund til að varpa ljósi á upplifun sína og líðan síðustu mánuði.

Harðar ásakanir og hótanir um lögreglurannsóknir ganga á víxl. Málfríður Þórðardóttir, Tinna Guðmundsdóttir og Hannesína Scheving, sem skipa sæti ofarlega á lista Flokks fólksins á Akureyri, sögðu á blaðamannafundinum að Hjörleifur hefði áreitt þær kynferðislega og margitrekad. Frekari trúnaðarbrestur hefði svo orðið þegar þær ræddu samskiptin og afleiðingar þeirra við Brynjólf Ingvarsson, oddvita og bæjarfulltrúa, og Jón Hjaltason sem skipar þriðja sætið. Jón hefði öskrað og látið skap sitt bitna á húsgögnum.

Guðmundur Ingi Kristinsson, varaformaður Flokks fólksins, sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld að stjórn flokksins þyrfti að „klára þetta mál“. „Já, það virðist ljóst að þessi áhöfn geti ekki unnið saman eftir það sem á undan er gengið.“



Mjög alvarlegar ásakanir komu fram í tali þeirra Málfríðar Þórðardóttur, Tinna Guðmundsdóttur og Hannesínu Scheving, Flokki fólksins á Akureyri, á blaðamannafundi í Grafarvogi í gær. Ljóst er að einhver þarf að vikja.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

“

Ég mun ekki biðjast afsökunar á einu né neinu. Ef þeir vilja segja sig úr flokknum er það þeirra mál.



Guðmundur Ingi Kristinsson, varaformaður Flokks fólksins

Spurður um þau ummæli Jóns Hjaltasonar að hann og Brynjólfur muni hætta í flokknum og ganga óháðir til leiks í bæjarstjórn ef Guðmundur Ingi og Inga Sæland biðji þá ekki afsökunar á ummælum og inngrípum, segir Guðmundur Ingi:

„Ég mun ekki biðjast afsökunar á einu né neinu. Ef þeir vilja segja sig úr flokknum er það þeirra mál.“ Fram kom á blaðamannafundinum að kosningastjórnin Hjörleifur hefði margoft reynt að fá eina kvennanna til að verja með sér kvöldstund einsamalli. Þegar hún benti á að hún ætti lítið barn hefði Hjörleifur sagt að barnið gæti komið með.

Þá sögðu konurnar að Brynjólfur, sem er fyrrverandi geðlæknir, hefði nefnt að starfsleyfi þeirra kynni að vera í hættu þegar þær kvörtuðu undan Hjörleifi. Konurnar þrjár eru allar heilbrigðisstarfsmenn.



Hjörleifur Hallgríms Herbertsson, kosningastjóri Flokks fólksins

„Við höfum allar þrjár verið kalláðar öllum illum nöfnum,“ segja konurnar.

Fréttablaðið spurði hvort þær hygðust kæra Hjörleif til lögreglu. Þær sögðu það ekki afráðið. Varðandi ásökun þeirra um að Brynjólfur hefði sem fyrrverandi geðlæknir til áratuga misbeitt stöðu sinni í umræðu um að þær gætu misst starfsleyfi sín, þar sem þær eru allar heilbrigðisstarfsmenn, sögðu þær að hótun hefði falist í ummælum Brynjólfs í þeirra garð. Hún væri mjög alvarleg. ■

ISBAND

SMURÞJÓNUSTA

VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA
FÓLKSBIÐLA - HÚSBÍLA - VINNUBÍLA
STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN
SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 590 2323
THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00

UMBOÐSAÐILI

Jeep®



FIAT



CHRYSLER

DODGE

SÍÐUSTU DAGAR



HAUST ÚTSALA

VERÐDÆMI **PARKET, FLÍSAM, HURÐIR**

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.890 KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²

10 mm AC5 MAMMUT PLUS VERÐ FRÁ 3.890 KR. m²

12 mm AC5 MAMMUT VERÐ FRÁ 4.150 KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ 5.490 KR. m²

KÄHRS PLANKAPARKET VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²

VÍNYPARKET VERÐ FRÁ 4.590 KR. m²

VEGG- & GÓLFFLÍSAM

30X60 VERÐ FRÁ 4.790 KR. m²

60X60 VERÐ FRÁ 5.590 KR. m²

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIEFNUM FYRIR PARKET OG FLÍSAM

RINGO INNIHURÐIR

HVÍTLAKKAÐAR HURÐIR MEÐ KARM

VERÐ FRÁ 41.990 kr. FYLGIHLUTIR 25% AFSLÁTTUR

ÚTSÖLU LÝKUR LAU. 24. SEPT.

Birgisson[®]



Forseti Írans dregur helförina í efa

thorgrimur@frettabladid.is

ÍRAN Ebrahim Raisi, forseti Írans, vildi ekki staðfesta hvort hann tryði því að helförin hefði átt sér stað, í viðtali sem fréttakonan Leslie Stahl tók við hann í bandaríska sjónvarpsþættinum 60 Minutes í gær.

„Sögulegir atburðir ættu að sæta rannsóknum fræðimanna og sagnfræðinga,“ sagði Raisi. „Það eru viss ummerki um að [helförin] hafi átt sér stað. Ef svo er ættu þeir að leyfa rannsóknir á henni.“

Raisi lét þessi orð falla þegar Stahl spurði út í hlutverk hans í fjölda-áftökum á um 3.000 írönskum stjórnarandstæðingum sem fram fóru að tilskipan Ruhollah Khomeini æðstaklerks árið 1988. Í stað þess að svara fór Raisi að tala um glæpi Ísraels og Gyðinga.

Yair Lapid, forsætisráðherra Ísraels, svaraði Raisi í færslu á Twitter-síðu sinni þar sem hann birti fjórar ljósmyndir af Gyðingum í útrýmingarbúðum nasista með yfirskriftinni „Viss ummerki“.

Gilad Erdan, fastafulltrúi Ísraels



Sögulegir atburðir ættu að sæta rannsóknum fræðimanna og sagnfræðinga.



Ebrahim Raisi, forseti Írans

hjá Sameinuðu þjóðunum, biðlaði til aðalritarans, António Guterres, að leyfa Raisi ekki að tjá sig á næstu samkomu allsherjarþings SÞ í New York. „Sameinuðu þjóðirnar sökva niður á nýtt dýpi ef þær veita slátraranum frá Teheran ræðuvettvang.“ ■



Franskir hermenn Barkhane-sveitanna í Malí árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Franskir hermenn fari tafarlaust frá Níger

thorgrimur@frettabladid.is

NÍGER Hundruð manna söfnuðust saman í Níamey, höfuðborg Níger, í gær til þess að mótmæla veru franska herliðs í landinu. Mótmælendur kyrjuðu slagorð á borð við „Burt með Barkhane!“, „Niður með Frakkland!“ og „Lifi Rússland og Pútín!“.

Franska herliðið í Níger gengur undir nafninu Barkhane og er staðsett í landinu í þeim yfirlýsta tilgangi að aðstoða yfirvöld í baráttu þeirra gegn hryðjuverkastarfsemi íslamista, sem er tíð í landinu. Um 3.000 franskir hermenn eru staðsettir á Sahel-svæðinu um þessar mundir og nígerskir þingmenn kusu síðast í apríl að heimila áframhaldandi veru þeirra í landinu.

Barkhane-sveitirnar voru áður einnig staðsettar í Malí en urðu að hafa sig á brott þaðan eftir að herforingjastjórn tók þar völdin árið 2020. Núverandi stjórnvöld í Malí eru grunuð um að hafa þegið aðstoð málaliða úr rússneska Wagner-hópnum í hernaðaradgerðum sínum gegn hryðjuverkastarfsemi þar í landi.

„Við erum með slagorð á móti Frakklandi vegna þess að við krefjumst tafarlausrar brottfarar Barkhane-sveitanna, sem brjóta á fullveldi okkar og eru að grafa undan stöðugleika í Sahel,“ sagði Seydou



Við erum með slagorð á móti Frakklandi vegna þess að við krefjumst tafarlausrar brottfarar Barkhane-sveitanna.

Seydou Abdoulaye, einn skipuleggjenda mótmæla í Níger

Abdoulaye, einn af skipuleggjendum mótmælanna, við fréttastofu AFP.

Abdoulaye sakaði Frakka jafnframt um „virkan stuðning“ við íslamista sem hefðu stýrt hryðjuverkastarfsemi frá Malí. Herstjórnin í Malí bar Frakka svipuðum sökum í síðasta mánuði en stjórn Frakklands brást ókvæða við og sagði ásakanirnar „svívirðandi“.

Mótmælin voru skipulögð af M62-hreyfingunni svokölluðu, sem stendur einnig í mótmælum gegn auknum framfærslukostnaði í Níger. Hreyfingin segist vera friðsamleg og að hún beiti sér fyrir reisu og fullveldi nígersku þjóðarinnar. ■



Litlasel og Jórunnarsel við Vesturgötu 61 í Reykjavík eru meðal húsanna.

MYND/SKJÁSKÖT

Hátt í þrjátíu friðuð hús rífin eða færð á fimm árum

Verslun og geymsla við Stjórnarráðið eru meðal friðuðra húsa sem Minjastofnun hefur gefið leyfi fyrir að rífa eða færa. Arkitekt segir íslenskum húsum ekki vel við haldið.

kristinnhaukur@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Minjastofnun hefur gefið leyfi fyrir niðurrífi eða flutningi 27 húsa frá árinu 2017. Þetta eru 5 til 6 hús á hverju ári. Þeirra á meðal eru hús sem standa við aðalverslunargötur Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, Laugavegin og Strandgötuna. Sem og geymsluhús á baklöd Stjórnarráðshússins.

„Mörg friðuð hús hafa lítið sem ekkert varðveislugildi og eru nánast ónýtt,“ segir Pétur H. Ármannsson, arkitekt hjá Minjastofnun.

Stofnunin hefur heimild til að aflétta aldursfriðun húsa ef málefnalegar ástæður liggja fyrir. Síðan árið 2013 hafa öll hús sem hafa náð 100 ára aldri sjálfkrafa verið friðuð.

Ellefu þessara húsa eru í Reykjavík, þrjú í Hafnarfirði, tvö í Vestmannaeyjum og í Flóa og eitt á Akureyri, í Ólafsvík, Varmahlíð, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Núpa-sveit, Vatnsfirði, Hestfirði og á



Mörg friðuð hús hafa lítið sem ekkert varðveislugildi og eru nánast ónýtt.



Pétur H. Ármannsson, arkitekt hjá Minjastofnun

Bíldudal. Pétur nefnir húsið á Bíldudal sem dæmi um málefnalega ástæðu, vegna náttúruvár. Húsið hafi staðið á svæði þar sem er skriðuhætta og ljóst að aldrei yrði búið í því.

„Þar með var möguleikinn á að varðveita þau farinn fyrir lítið,“ segir Pétur.

Flest hús sem heimild er veitt fyrir að rífa eru einfaldlega svo illa farin að þau eru metin óviðgerðarhæf. Eigandi þarf hins vegar að leggja

fram gögn, svo sem myndir og tæknilegar úttektir á húsinu, sem sérfræðingar Minjastofnunar leggja mat á. Oftast er þetta svo sannreynt með vettvangsskoduð.

Pétur segir ferlið langt frá því að vera sjálfkrafa og það þurfi góðan rökstuðning til að stofnunin heimili niðurrif. Jafnvel þó hús sé illa farið.

„Áður en slík ákvörðun er tekin er lítið til þess hvort húsið hafi varðveislugildi. Ef svo er horfir málið öðruvísi við,“ segir hann. Í einstaka tilvikum geti þurft að grípa til sérstakra aðgerða til að varðveita hús.

Aðspurður segir Pétur að á hverju ári komi upp mál þar sem Minjastofnun hafni niðurrífi. Þau séu þó ekki jafnmörg og samþykktirnar.

Um það hefur verið rætt að einstaka fasteignaeigendur láti hús viljandi grotta niður til þess að fá heimild til að rífa þau og byggja nýtt á lóðinni. Pétur segir erfitt að halda því fram í einstaka tilvikum og flókið sé að sýna fram á það með öyggjandi hætti.

„Það er saknæmt athæfi,“ segir Pétur en bendir einnig á að viðhald sé almennt slæmt. „Almennt talað eru Íslendingar slæmir með það að halda ekki við húsum sínum. Það er þjóðarlöstur,“ segir hann. ■

Jöklar landsins dragast enn saman

gar@frettabladid.is

NÁTTÚRA „Jöklarnir eru bara ekki á góðum stað,“ segir Hrafnhildur Hannesdóttir, jöklafræðingur hjá Veðurstofu Íslands og varaformaður Jöklarannóknarfélagssins, um stöðuna á jöklum landsins.

Að sögn Hrafnhildar fara sjálfboðaliðar á vegum Jöklarannsóknarfélagssins á haustin til að mæla afkomu jökla. „Ég tek á móti mælingum sem eru gerðar á þrjátíu til fjórtíu stöðum af sjálfboðaliðunum,“ segir hún. Aðeins örfáar mælingar hafi skilað sér það sem af er.

„Það er búið að fara að Morsárjökli, að Skaftafellsjökli og að jöklum í Kverkfjöllum af þessum jöklum þar sem sporðarnir eru mældir. Það liggur fyrir að fara í afkomumælingaferð í október á Hofsjökul, Langjökul og Vatnajökul sem gefur aðeins stóru myndina líka; hvernig veturinn hefur verið,“ segir Hrafnhildur.

Aðspurður segir Hrafnhildur tilfinninguna vera þá þótt enn vanti langflestar mælingar að þróunin sé á svipuðu róli og verið hafi undanfarin ár. „Jöklarnir horfa hratt og



Skaftafellsjökull er í Vatnajökulsþjóðgarði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

á sumum stöðum eru að brotna stór stykki af sporðunum – sem er kannski hálfgerður dauðis en það er is sem er ekki á mikilli hreyfingu heldur liggur flatur og bíður eftir að deyja ef svo má segja,“ útskýrir hún.

Spirallinn liggur því niður á við. „Það eru að vísu dálitlar sveiflur í því hversu mikið bráðnar á sumrin og hversu mikið safnast yfir veturinn. Flest árin eru í mínus en það koma líka frávik þar sem eru snjó-

miklir vetur og lélegt sumar,“ segir Hrafnhildur og játar því að þessi þróun sé birtingarmynd loftslagsbreytinga.

Segir Hrafnhildur varla standa deilur um lengur meðal vísindamanna að loftslagsbreytingar séu staðreynd. „Loftslagið er að hlýna og jöklarnir eru eins og kanarífuglarnir í búrinu sem lætur okkur vita. Þetta hitastig hentar þeim ekkert sérstaklega vel,“ segir jöklafræðingurinn. ■



Glæsileg sjávarútvegssýning í Laugardalshöllinni

21. – 23. september 2022




Sýningin er opin:

Miðvikudag: 21. sept. 14.00-19.00

Fimmtudag: 22. sept. 10.00-18.00

Föstudag: 23. sept. 10.00-18.00



**ICELAND FISHING
EXPO 2022**

Sjávarútvegur 2022

www.icelandfishexpo.is

Elísabet síðasta



Björk Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Elísabet II. Bretadrottning var formlega kvödd í gær, á fremur dumbungslegum mánudegi í Lundúnaborg. Um heim allan fylgdist fólk með langri og tilkomumikilli dagskrá útfararinnar í beinni útsendingu þar sem drottningin sem ríkt hafði í 70 ár var kvödd með virktum.

Eftir sjö áratugi í hásetinu var það dauðinn sem tók af henni völdin sem sonur hennar Karl III. hefur nú tekið við. Elísabet, sem var aðeins 26 ára þegar hún tók við krúnunni eftir fráfall föður síns, hefur lifað meira en tímana tvenna og náði að vera sameiningartákn á róstusömum tímum þegar þessi unga móðir varð tákn vonar. Drottningin sem eldist og þróaðist undir vökulum augum almennings var jafnframt sú fyrsta sem upplifði slíkt og færði konungsfjölskylduna þannig nær almenningi. Elísabet, sem tók við Bretlandi sem heimsveldi og starfaði í valdatið sinni með 15 forsætisráðherrum, kvaddi allt annað land en hún fæddist inn í. Það voru ekki völdin sem stjórnðu Elísabetu, heldur skyldurnar og komu hennar eigin langanir, þarfir og jafnvel fjölskylda þar á eftir. Eiginleikar sem þjóð hennar bæði elskaði hana fyrir og gagnrýndi.

Undanfarna áratugi hefur gagnrýni á konungsfjölskylduna sífellt orðið háværri og segja margir að framtíð konungdæmisins ráðist á næstu áratugum. Víst er að fráfall Elísabetar er vatn á þá myllu enda stendur sonur hennar Karl henni langt að baki í vinsældum og virðingu.

Elísabet tók við á umbrotatímum og aftur upplifir þjóð hennar umbrotatíma. Það er kreppa í Bretlandi, nýr forsætisráðherra er nýtekin við, þjóðin er enn klofin vegna Brexit, verðbólga fer vaxandi og orkukreppa er yfirvofandi. Á meðan flykkist þjóð hennar út á götur til að kveðja drottningu sína, í stærstu athöfn sem haldin hefur verið í áráraðir, eða jafnvel nokkurn tíma. Kostnaður við útförina hefur ekki verið gefinn upp en vitað er að hann muni hlaupa á milljónum punda.


Konungsinns sem nú er tekinn við bíður ærið verkefni við að sameina þjóð sína, lægja öldurnar, halda breska samveldinu á lífi og marka skýra stefnu um framhaldið. Jafnframt þarf hann að telja þjóð sinni áfram trú um að það sé prýðishugmynd að setja gríðarlega fjármuni í tildur og þrjá í kringum fólk sem er sífellt uppspretta skandala og virðist svo sjálft þjást í þeim gríðarlega uppskrúfuðu, heftu og forneskjulegu aðstæðum sem það lifir við.

Karl III. er á áttæðisaldri en næstu erfingjar krúnunnar eru Vilhjálmur sonur hans og því næst Georg – ef sýningin heldur áfram.

Líklega höfum við kvatt síðustu drottningu Bretlands. ■

” Víst er að fráfall Elísabetar er vatn á þá myllu enda stendur sonur hennar Karl henni langt að baki í vinsældum og virðingu.

■ Halldór



BALDVIN EINARSSON FYRIR AÐ NENNA EKKI Í SUND.



ELÍNBERG HAUKDAL FYRIR AÐ TUDA YFIR ÖGREINILEGUM VÖRUMERKINGUM.




GUNNÞÓR HELGUSON FYRIR AÐ TALA UM VEÐRIÐ Í SAMFELT Í 2 KLST. OG 19 MÍNÚTUR.



FINNUR REYKDAL FYRIR MAGNINKAUP Á HEAD & SHOULDERS.



SVEINBJÖRG ÞÓRARINSDÓTTIR FYRIR AÐ LEGGJA MEÐ HÁLF DEKK UPPI Á GANGSTETTARBRÚN.



MEIR SÝNIST ALLIR Í ÞESSUM FLOKKI VERA SIGURVEGARAR.



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Fjórar mínútur

Samkvæmt Eddunni er Helgi Seljan sjónvarpsmaður ársins. Hann hefur raunar ekki starfað á skjánum síðan í janúar þannig að lítið hefur sést af kappanum í stofum landsmanna. Reyndar hefur heyrst meira í honum enda einn af okkar skeleggustu blaðamönnum. Athygli vakti þó að Eddan tilnefndi Guðrúnu Sóleyju Gestsdóttur til sömu verðlauna en hún tæklar menninguna að jafnaði á um það bil fjórum mínútum í Kastljósi hverju sinni. Hún hlýtur að vera frábær í því hlutverki – því það getur verið erfitt að láta ljós sitt skína á þeim sekúndum sem menningu er skammtað hjá Ríkisútvarpinu.

Sjálfgæfið

Kveikur var valinn fréttar- eða viðtalsþáttur ársins en Þóra Arnórsdóttir, ritstjóri þáttarinnar, þakkaði þjóðinni eftirminnilega fyrir í ræðu sinni. Það eru reyndar aðallega RÚV-arar sem kjósa í Eddunni. En Þóra þakkaði þó allri þjóðinni. Nema lögreglunni. Verið var að verðlauna fyrir árið 2021 og þá gerði Kveikur eftirminnilega þætti þar sem eigandi WOW var sóttur heim, tölvukerfi lífeyris-sjóða skoðuð í bland við ástarsvik og pálmaolíu. Þá hittu Kveikur Jón Ásgeir og Samherjaðist. Þá hlýtur að vera sjálfgæfið að Kveikur vinni á næsta ári enda viðtal Þóru við leikarann Þóri Sæmundsson í minnum haft. ■

Leiða hærri framlög til betri þjónustu?



Diljá Mist Einarsdóttir
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Fjárlagafrumvarp ársins 2023 var rætt á Alþingi í síðustu viku og átti ég orðastað við heilbrigðisráðherra í þinginu vegna frumvarpsins.

Þrátt fyrir að útgjöld til heilbrigðismála hafi aldrei verið hærri og aukist verulega undanfarin fimm ár, er staðan í heilbrigðiskerfinu okkar ekki eins og best verður á kosið. Það er nefnilega ekki lögmál að hærri framlög leiði til betri þjónustu. Ég lagði því áherslu á að við ættum að leita allra leiða til þess að fara vel með fjármuni í heilbrigðiskerfinu og nýta þá sem best. Hér eru að vísu í gildi lög um sjúkratryggingar frá 2008. Þau eiga að stuðla að þessu m.a. með því að kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna, en frumvarp til þeirra laga var lagt fram af Guðlaugi Þór, þáverandi heilbrigðisráðherra Sjálfstæðisflokksins.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur m.a. fram að hér verði loks innleitt þjónustutengt fjármögnunarkerfi. Ég spurði heilbrigðisráðherra því hvenær þetta fyrirkomulag yrði að fullu innleitt og hvenær árangurs væri að vænta. Sömuleiðis hversu mikið væri í raun kostnaðargreint í heilbrigðiskerfinu, 14 árum eftir gildistöku laga um sjúkratryggingar.

Heilbrigðisráðherra gaf að vísu ekki nákvæmar dagsetningar í þessu tilliti, en sagði aukinn þunga hafa verið settan í innleiðinguna og að unnið væri að henni í nánú samstarfi við stofnanir heilbrigðiskerfisins. Í ár yrði unnið í eins konar prufukeyrslu á verkefninu en farið yrði í formlega innleiðingu á næsta ári. Þetta væri m.a. á könnu nýrrar stjórnar Landspítalans.

Þetta hefur verið löng fæðing og fullt tilefni er til að Alþingi fylgist náið með þessari framkvæmd. En ekki síst að af henni verði. Bætt nýting fjármuna í heilbrigðiskerfinu er eitt brýnasta verkefni stjórnmalanna og það er mikilvægt að gamaldags hugsun komi ekki í veg fyrir skynsama uppbyggingu og breytingar í heilbrigðiskerfinu. Sjúklingarnir okkar eiga betra skilið og heilbrigðisstarfsfólkið sömuleiðis. ■

” Sjúklingarnir okkar eiga betra skilið og heilbrigðisstarfsfólkið sömuleiðis.

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Þegar réttur brotamanna gengur fyrir



Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir og dýraverndunar-sinni

Þann 5. marz sl. var ungur Íslendingur, 21 árs gamall, staddur á skemmtistaðnum 203 Club, þegar til átaka kom, sem hann reyndi að stilla.

Grimmíleg árás án tilefnis

Á eftir, fyrir utan skemmtistaðinn, varð þessi Íslendingur svo fyrir heiftarlegri líkamásáras tveggja útlendinga, án tilefnis og fyrirvara-laust, og hann hálf drepinn. Virðast árásarmennirnir vera frá Mið-/Suður-Ameríku. Ljóst er, að þessir tveir árásarmenn þjörmuðu svo að Íslendingnum, með hnúum, hnefum og eggvopni, sennilega skrúfjárn, sem var stungið 6 sinnum í bak Íslendingins, að bæði lungu féllu saman. Voru áverkar lífshættulegir.

Dýraverðir gerðu ekkert – vegfarandi bjargaði

Dýraverðir skemmtistaðarins virðast hafa horft á árásina, en ekkert aðhafzt. Lítil sómi að því fyrir staðinn. Að sögn móður fórnarlambins náði gangandi vegfarandi að stoppa árásarmenn og taka þá af syni hennar. Fyrir heppni komst hann fljótt í sjúkrabíl, og tókst að bjarga lífi drengsins.

Dómur yfir aðalbrotamanni hneyksli

25. ágúst sl. féll dómur í þessu árásarmáli í Héraðsdómi Reykjavíkur. Daniel Zambrana Aquilar, 23 ára, sennilega Bólivíumaður, sem stakk Íslendinginn 6 sinnum með stunguvopni, aftan frá, í gegnum þykkann og mikinn klæðnað og gegnum skinn, vefi, hold og beinagrind, inn í lungu, þannig, að þau féllu bæði saman, en þessi sami árásarmaður hafði veizt að 24 ára karlmanni fyrir utan skemmtistaðinn Prikíð, brotið framtennur úr honum og veitt honum áverka á höfði og hægri hendi, sex mánuðum áður – greinilega árásarhneigður og ofbeldisfullur, hættulegur – fékk tveggja og hálfis árs fangelsi, og var honum gert að greiða fórnarlambinu 1,5 milljónir í miskabætur. Fyrir undirrituðum hneyksli.

Dómur yfir hjálparmanni grín

Hjálparmaðurinn, Raúl Ríos Rueda, 25 ára gamall, sem lét högginn dynja á fórnarlambinu meðan Daniel beitti stunguvopninu aftan frá, fékk þriggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm og minniháttar sekt, sem þýðir, að hann gekk út úr réttarsalnum, sem frjáls og finn maður.

Málsatvik skýr – dómur senda alröng skilaboð

Fyrir undirrituðum eru þessir dómur mikil mistök, hneyksli, íslensku réttarfari, Héraðsdómi Reykjavíkur, til skammar. Hér verður auðvitað að hafa það í huga, að refsing við brotum og glæpum

gengur ekki aðeins út á refsihliðina, heldur, jafn mikið eða öllu fremur, út á það, að vara illfygli og ofbeldismenn við og reyna að fyrirbyggja glæpi og voðaverk. Dómar verða að senda skýr skilaboð í þá veru. Sú greining dómarans, að hér hafi ekki verið hægt að slá því föstu, að Daniel hafi verið ljóst, þegar hann stakk fórnarlambið 6 sinnum á hol, að bani kynni að hljótast af, er fyrir undirrituðum fásinna. Fullyrðing Daniels, að hann hafi „gripið áhald upp af götunni“, sem hann hafi notað til að stinga fórnarlambið með, er líka fjarstæðukennd og ótrúlegt, að dómarinn skuli hafa tekið hana til greina. Hvers konar áhöld liggja á förnum vegi, sem stinga má með í gegnum margfaldan og þykkann klæðnað, skinn, vefi, hold og beinagrind, inn í lungu og stórskada þau!? Fyrir undirrituðum er augljóst, að Daniel hafi haft með sér þetta stunguvopn, borið það á sér og gripið til þess af fullum ásetningi við tilefnislausu og lífshættulega árásina. Að ganga út frá öðru, er í mínum huga dómgreindarskortur.

Hvað hefði evrópskur dómstóll mögulega gert?

Ég bjó lengi á meginlandi Evrópu. Mín grófa tilfinning er, að þessir dómur hefðu fallið miklu þyngra þar; Daniel hefði verið dæmdur í 6-8 ára fangelsi og Raúl, vegna meðsektar, aðild að árás, sem gat haft lífshættulegar afleiðingar, mann-drápstilraun, í 6-12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Auðvitað er



Ljóst er, að þessir tveir árásarmenn þjörmuðu svo að Íslendingnum, með hnúum, hnefum og eggvopni, sennilega skrúfjárn, sem var stungið 6 sinnum í bak Íslendingins, að bæði lungu féllu saman. Voru áverkar lífshættulegir.

legt, að dómsmálaráðherra gerði grein fyrir því. Þegar slíkir menn koma hér og fremja brot og illvirki, er ekki sjálfsagt, að senda slíka glæpamenn til baka til síns heimalands, strax eftir dómsuppkvaðningu, eða að afplánun lokinni, og útiloka þá fyrir fullt og allt frá okkar landi?

Bann og háar sektir við vopnaburði

Væri ekki rétt, að banna allan vopnaburð hér á höfuðborgarsvæðinu, eða landinu öllu, þar sem hnúajárn, hnifar, stunguvopn og vitaskuld skotvopn væru stranglega bönnuð, á almennum og opinberum svæðum, svo og auðvitað á samkomum og mannsöfnuðum, og háar sektir væru við slíkum vopnaburði, t.a.m. 100 þúsund króna sekt fyrir fyrsta brot, og kæmi 10 daga fangelsi í stað sektar, ef hún væri ekki greidd skilvíslega. Dýraverðum bæri líka að framkvæma vopnaleit með málmleitartæki, eða láta gesti fara í gegnum málmleitarhlöð.

Hættur alþjóðavæðingarinnar

Í öllu falli verður að fara vel ofan í saumana á þessu réttarfari öllu, ekki sízt í ljósi þess, að alþjóðavæðingin, sem mest er af hinu góða og ekki verður stöðvuð, felur líka í sér ágalla og hættur, m.a. þá, að hér koma menn frá löndum, þar sem ofbeldisverk – rán, nauðganir, misþyrmingar og morð – eru daglegt brauð, sem þeir sjá svo og skynja með öðum hætti en við Íslendingar. ■

Hugum að heilsunni í vinnunni



Ingibjörg Loftsdóttir
sviðsstjóri forvarna hjá VIRK

Heilsuefning er eitthvað sem við viljum flest stunda en það getur reynst mörgum erfitt að halda sig við efnið auk þess sem við leyfum okkur oft að taka hliðarspor í sumarleyfinu. Þá er gott að vita til þess að margir vinnustaðir styðja við starfsfólk í sinni heilsuefningu og taka einmitt oft upp þráðinn á haustin.

Við eyðum flest stórum hluta af okkar vökutíma í vinnu og því upplagt að nýta þann vettvang. Það má í raun hugsa stuðning við heilsu okkar í vinnunni út frá tveimur víddum; annars vegar að vinnustaðir tryggji

að grunnþáttum sé sinnt til að tryggja að við höldum heilsunni í starfi en hins vegar að unnið sé að því að efla heilsu starfsfólks enn frekar.

Höldum heilsunni í starfi

Vinnuumhverfi þarf almennt að vera til þess fallið að við hljótum ekki skada af hvort sem það er vegna slysa eða langvarandi álags. Finna má fjölda ráða hvað þetta varðar á forvarnarsíðu VIRK, velvirk.is, og eins á síðu Vinnueftirlitsins, vinnueftirlit.is, en þar eru m.a. upplýsingar um lögbundin áhættumót vinnustaða. Þegar við hugsum um skada vegna vinnuumhverfis er mikilvægt að horfa ekki bara til líkamlegra áhættuþátta heldur þarf líka að tryggja að menningin á vinnustaðnum sé til þess fallin að fyrirbyggja vanlíðan og óhóflega streitu.



Það er hagur okkar allra og samfélagsins í heild að okkur liði sem best í vinnunni því þannig getum við hlúð að velliðan og starfsorku og ekki síður tryggt framleiðni.

þetta engin fagleg úttekt, rétt tilfinning.

Hvað með árásarmennina?

Árásarmennirnir eru útlendingar, frá fjarlægum löndum, sem engan sérstakan rétt hafa hér. Hvernig komust þeir inn í landið, og á hvaða forsendum eru þeir hér? Væri æski-

Björgvin Óskarsson Iglm, s. 773-4500 bjorgvin@atv.is
Óskar Mikaelsson Igfs., s. 773-4700 oskar@atveignir.is





ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

GLÓANDI HÚÐ MEÐ ICEHERBS



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allra virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



7/2022 óekin VW ID5 GTX 4x4 300 hó. rafmagnsbíll í ábyrgð. Eigum nokkra líti til afhendingar strax. 77 kWh batteri uppgæfin drægni 493 km. Það er margra mánaða bið eftir svona bíl svo nú er tækifæri að ná í bíl áður en þeir hækka um 2 milljónir í verði í vetur. Verð núna: 8.590.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

BLÖÐIN

Bláðið í dag og safn eldri bláða á frettabladid.is

Þjónusta

Málara

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggtir málameistarar. Löggtir málara. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Húsviðhald

Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800

Innimálning
Parketlagning
Gluggaskipti
Múrviðgerðir
Epoxy
Pakskipti

runarmur@gmail.com

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Spádómar

SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR

· SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
· MEÐ HJÁLPAÐ HANDAN
· HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjornuspá. Tarot. Ársspá.
Draumaráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálpa. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð
verð. Straumblik ehf. Löggtir
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá byli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar
á tilboði

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Til bygginga



NÝKOMID BANKIRAI
HARÐVIÐARPALLAEFNI
21X145MM VERÐ 1.950 KR
METERINN

slétt beggia megin, ofnþurkað.
Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar.
Harðviður til húsbýgginga. Sjá
nánar á vidur.is Vatnasklæðning
21x125mm, panill 10x85mm,
útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100)
Eurotec skrufur, Penofin og
Armstrong Clark harðviðaroljur.
Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230,
á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á
Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Heilsuvörur



gott
cbd.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

Ábendingahappinn má
finna á www.barnaheill.is



GEFÐU
VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

Ísvélar

Frá 1 tonni á sólarhring



KGG

Kristjan G. Gislason ehf • 552-0000 • kgg@kgg.is

Samlokueiningar

Fyrir kæla, frysta og milliveggi



Til afhendingar
STRAX

Kælimiðlar

Umhverfisvænni miðlar




Chemours™

Hugsaðu um umhverfið veldu
umhverfisvæna kælimiðla



Sjáumst á:



ICELAND FISHING
EXPO 2022

Sjávarútvegur 2022

21.-23. september

„Vildi að ég gæti verið úti að hlaupa“

Hólmfríður Árnadóttir
Brjóstakrabbamein

Eftir að ég
greindist
sé ég lífið
í nýju ljósi

Vertu ljósavinur

Tryggðu krabbameinsgreindum
fría endurhæfingu.



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Undir yfirborðið (e) Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20.00 Þjóðleikhúsið í 70 ár - þáttur 2 af 3 (e) Stórafmælis þjóðleikhússins minnst í máli, myndum og upprifjun leikhússfólksins.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Matur og heimili (e)

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil
- 12.45 The Late Late Show
- 13.30 Love Island (US)
- 14.30 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
- 15.30 The Block
- 16.55 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Love Island (US)
- 20.10 A Million Little Things
- 21.00 Bull
- 21.50 Evil
- 22.40 The Chi
- 23.40 The Late Late Show
- 00.25 Love Island
- 01.15 FBI. Most Wanted
- 02.00 Transplant
- 02.45 Yellowjackets
- 03.45 Queen of the South

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.20 The Mentalist
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Jamie's Easy Meals for Every Day
- 09.45 Impractical Jokers
- 10.05 Best Room Wins
- 10.45 Ireland's Got Talent
- 11.30 30 Rock
- 11.50 30 Rock
- 12.15 Nágrannar
- 12.35 Amazing Grace
- 13.20 Einkalífið
- 13.55 Rax Augnablik
- 14.00 Britain's Naughtiest Nursery
- 14.45 Grey's Anatomy
- 15.25 Supergirl
- 16.10 The Masked Singer
- 17.15 LXS
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkin
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Shark Tank
- 19.50 Hell's Kitchen
- 20.35 Last Man Standing
- 21.00 The Goldbergs Gamanþáttaröð sem gerist á niunda áratug síðustu aldar, um fjöruga fjölskyldu sem er ekki alveg eins og fólk er flest.
- 21.20 Bump
- 21.55 I'm Coming
- 22.10 Unforgettable
- 22.50 Monarch
- 23.35 Cheaters
- 00.00 Silent Witness
- 00.55 Prodigal Son
- 01.35 The Mentalist
- 02.15 Best Room Wins
- 03.00 30 Rock
- 03.20 30 Rock
- 03.40 LXS

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.30 Útsvar 2014-2015 Dalvíkurbyggð - Rangárþing ytra.
- 14.25 Fyrir alla muni Leitin að silfrinu.
- 14.55 92 á stöðinni
- 15.25 Ofurhundurinn minn
- 15.55 Tiskuvitund
- 16.25 Menningarvikan
- 17.00 Íslendingar Gunnar Eyjólfsson.
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Bakað í myrkr
- 18.30 Litlir uppfinningamenn
- 18.38 Bitið, brennt og stungið
- 18.45 Krakkafréttir Helstu fréttir settar fram á einfaldan og aðgengilegan hátt.
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Kveikur
- 21.00 Hálf tölur og eldhús 1/2 rum och kök
- 21.35 Heimurinn er minn Verden er min Norsk leikin þáttaröð um rappsöngkonuna Odile. Á meðan vinir hennar einbeita sér að starfsframa og barneignum vill hún bara hanga í hljóðverinu, búa til músík og njóta góða veðursins í heimaborginni Björgvin í Noregi. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Blóð Blood
- 23.10 Eldflaugasumar Summer of Rockets
- 00.00 Dagskrárlök

Þjóðleikhúsið í sjötíu ár

Klukkan átta í kvöld verður sýndur annar þáttur af þremur sem fjalla um fyrstu sjötíu ár Þjóðleikhúss Íslands. Þjóðleikhúsið fagnaði 70 ára stórafmæli sínu árið 2020 og vann Hringbraut þá þáttaröð um sögu þess í samstarfi við leikhúsið. Þjóðleikhúsið var stofnað árið 1950 og á sér blómlega sögu sem vert er að muna og fagna.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 dedúa
- 5 starf
- 6 í röð
- 8 síga
- 10 átt
- 11 reifar
- 12 bölvánlega
- 13 stífa
- 15 sjávardýr
- 17 þusa

LÓÐRÉTT

- 1 kaupsysla
- 2 tigna
- 3 dvelja
- 4 kk nafn
- 7 álandsvindur
- 9 ávarp
- 12 kjökra
- 14 skír
- 16 mynni

LÓÐRÉTT: 1 kaupsysla, 2 tigna, 3 dvelja, 4 kk nafn, 7 álandsvindur, 9 ávarp, 12 kjökra, 14 skír, 16 mynni. LÁRÉTT: 1 dedúa, 5 starf, 6 í röð, 8 síga, 10 átt, 11 reifar, 12 bölvánlega, 13 stífa, 15 sjávardýr, 17 þusa.

Sudoku

2				6	1	5		
		1		2	4			3
	6							8
		6	4					
4	7	2			5			9
	8		9	1		6	4	
		9				7		
8	3		7					
	4				3	8		

4		5			9		7	
	8	3			4			5
					8	2		
				2	4			
1						5	9	
	4	7				8		
				3		7	2	
						1	3	
				8				9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



UNDIR YFIRBORÐIÐ

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.30 OG AFTUR KL. 21.30

Nýstárlegir og spennandi þættir um mannlega möguleika, persónulega færni, sálarlíf og hamingju.



HRINGBRAUT

H2

Rafmagnsborð

Stærðin skiptir ekki máli

EITT VERÐ

84.900 kr.



Færst upp og niður



Tíma áminning



3 minnisstillingar



Skjár sem sýnir hæðina



Hægt að stilla lágstu og hæstu hæð



Árekstrar og veltivörn



Barnalæsing

5 ára
ábyrgð

Breiddir: 120-140-160-180-200 cm og dýptin ýmist 70 eða 80 cm

Borðplötur á lager í öllum stærðum í hvítu, svörtu, eik og beyki

Fætur til í gráu, hvítu og svörtu.

Fæturnir eru með tveimur mótórum,

stillanlegri hæð frá 63 cm - 128 cm og 5 ára ábyrgð

Skrifborðsstóll



Enjoy Classic

TILBOÐSVERÐ
124.800 kr.

LISTAVERÐ
179.900 kr.

Stóllinn kemur með örmum og höfuðpúða

Soft skilrúm

35% afsláttur



Margar stærðir og mikið magn til á lager

www.hirzlan.is



RAMMASAMNINGUR VÍÐ
RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 - Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is

Bókamessan í Gautaborg snýr aftur

tsh@frettabladid.is

Bókamessan í Gautaborg, einn stærsti bókmenntaviðburður Norðurlanda, verður haldin dagana 22. til 25. september. Íslenskar bókmenntir skipa sinn sess á hátíðinni sem endranær og verður Miðstöð íslenskra bókmennta með bás á messunni í samstarfi við Íslandsstofu. Í fréttatilkynningu frá Mið-

stöð íslenskra bókmennta kemur fram að messan verði nú haldin aftur með hefðbundnu sniði eftir heimsfaraldurinn þar sem norrænir lesendur og höfundar fá loksins tækifæri til að hittast aftur.

Rithöfundarnir Einar Kárason og Guðrún Eva Mínervudóttir koma fram í nokkrum viðburðum á messunni en bækur eftir þau njóta mikilla vinsælda í Svíþjóð. ■

BETRI SVEFN BETRA LÍF

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni.



Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

**Betra
BAK**



Fjöldi leikara kemur fram í Sem á himni en að mati gagnrýnanda er lítið um stórar persónur þótt persónugallerið sé stórt.

MYND/JORRI

Lagvís sænsk sápuópera

LEIKHÚS

Sem á himni

Carin Pollak og Kay Pollak Þjóðleikhúsið

Tónlist: Fredrik Kempe

Þýðing: Þórarinn Eldjárn

Leikstjóri: Unnur Ösp

Stefánsdóttir

Leikarar: Elmar Gilbertsson, Salka Sól Eyfeld, Valgerður Guðnadóttir, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Hinrik Ólafsson, Kjartan Darri Kristjánsson, Ragnheiður K. Steindórsdóttir, Almar Blær Sigurjónsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Örn Árnason, Edda Björgvinsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Oddur Júlíusson, Hallgrímur Ólafsson og fleiri

Tónlistarstjórn: Jón Ólafsson

Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir

Lýsing: Björn Bergsteinn

Guðmundsson

Búningar: Filippía I. Elisdóttir

Danshöfundur: Lee Proud

Hljóðhönnun: Kristinn Gauti Einarsson og Kristján Sigmundur Einarsson

Sigríður Jónsdóttir

Heimsfrægi og heilsulitli hljóm-sveitarstjórinn Daníel er í krísu, þjakaður af vondum æskuminningum og móðurmissi. Eftir heilsu-brest snýr hann aftur á heimaslóðir og finnur lífsgleðina á ný í gegnum tónlistina og ástina. Söngleikurinn Sem á himni og kvikmyndin Sá som i himmelen, sem sýningin byggir á, móludu gull í Svíþjóð og nú ratar þessi saga á Stóra svið Þjóðleikhússins.

Sem á himni gerist í litlu sveitaþorpi þar sem allir þekkja alla og hverfist aðallega um þá sem taka þátt í kórstarfi plássins. Á blaði er hugmyndin um nýjan skandinavískan söngleik heillandi og virðing-arvert af listræna teymi Þjóðleikhússins að líta í norðurátt. En Sem á himni er ekki rétti söngleikurinn. Til að byrja með er handritið svo dísætt að tannlæknaheimsókn eftir áhorf er ákjósanleg, söguþráðurinn vægast sagt götöttur og uppfullur af klisjum.

Stórt persónugalleri

Söngleikjaformið býður upp á mikið frelsi en sagan verður að hanga saman og sögupersónur að vera trúanlegar, sérstaklega þegar sögu-sviðið er blákaldr skandinavískur raunveruleiki. Sem dæmi eiga áhorfendur að trú á því að enginn þekki Daníel í sjón, mann sem ólst upp í þorpinu og hefur náð heimsfrægd. Fyrir utan þá staðreynd að forsaga hans er aldrei skoðuð. Persónugallerið er stórt en lítið um stórar

persónur. Mannlegur breyskleiki er fjarverandi, karakterar spanna takmarkaðan tilfinningaskala og flestum þeirra kynnumst við lítið.

Óperusöngvarinn Elmar Þór Gilbertsson leikur Daníel og fer nokkuð vel með hlutverkið, þar ber söngurinn af en leikurinn nær ekki sama takti. Salka Sól Eyfeld snýr aftur í Þjóðleikhúsið en treystir frekar á persónutöfrana og söng-hæfileika í staðinn fyrir að stíga inn í hlutverk Lenu. Samleikur þeirra er ljúfur en fremur stirður, batnar þó þegar liða tekur á en dugar ekki til að hengja á heilan söngleik.

Tímaskekkja á sviðinu

Guðjón Davíð Karlsson og Hallgrímur Ólafsson kunna sitt fag. Reynslumiklir leikarar vita hvernig fylla skal í tvívið hlutverk sem báðir gera af natni og húmor. Valgerður Guðnadóttir á besta lag sýningarinnar, Söng Gabrielu, enda fram-bærileg söngkona og dregur áhorfendur til sín með þróttmiklum leik. Þó er eftirtektarvert að aðrir höfundar eru skrifaðir fyrir þessu tiltekna lagi en þeir sem söngleikinn skrifa. Kjartan Darri Kristjánsson leikur Konna, ofbeldisfulla eiginmann Gabrielu, af miklum móð en uppsker lítið enda ekki úr miklu að móða.

Katrín Halldóra Sigurðardóttir og Hinrik Ólafsson leika prestshjón bæjarins. Þeirra flókna samband er betra efni í söngleik og lagið Allt þitt hjál um synd einn af hápunktunum kvöldins. Þar spilar saman góður leikur og finasti texti en spyrja má hvaðan óvænt trúarlegt ofstæki prestsins kemur. Almar Blær Sigurjónsson, einn áhuga-verðasti ungi leikari landsins um þessar mundir, situr uppi með tímaskekkju sem hann leysir með einlægum leik. Doddi situr illa í handritinu, arfleifð tíma þar sem þroskaskertir einstaklingar birtust á sviði sem vinalega viðbótin en aldrei þrívíðir þátttakendur samfélagsins.

Reynsluboltarnir Edda Björgvinsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason fara fimlega með sín örsmáu hlutverk. Aðrir leikarar koma lítið við sögu og virðast vera á sviðinu til að manna hópsenurnar.

Samfélagslegt tómarúm

Margt væri hægt að afsaka ef tónlistin og lagatextinn væru eftirminnilegri. Lög Sem á himni fanga augnablik frekar en að próa innra líf þeirra sem syngja eða söguþráðinn. Ekkert er við Þórarin Eldjárn að sakast, hann tófrar fram finustu þýðingu. Tónlistarstjórinn Jón Ólafsson skilar sínu verki sömu-leiðis af kostgæfni en líkt og aðrir



Ýmislegt gerist í þessu ágæta þorpi og lögin stytta áhorfendum stundir en dramatíkin ristir aldrei djúpt og snertir sjaldan hjarta-strengina.

situr hann uppi með fábrotinn efnivið.

Unnur Ösp Stefánsdóttir hefur sýnt og sannað að hún er leikstjóri til að fylgjast með enda á hún að baki frábærar leiksýningar. Hún velur fremur látlaus nálgun sem hentar sögunni en þorpið fæðist aldrei, þannig sitja persónurnar í samfélagslegu tómarúmi og sýningin lifnar aldrei við. Ein af ástæðum aftengingar á milli sögu og sýningar er leikmynd Ilmar Stefánsdóttur. Sögu sviðið er takmarkað við sömu þrjá veggina allan tímann, hringsviðið aldrei notað og framvindan þannig föst. Danshöfundurinn Lee Proud gerir sitt besta með líflegum hreyfingum enda hæfileikamaður. Fyrsta atriði eftir hlé er langtum besta dansatriðið sem tvinnar laglega saman hversdagsleikann og söngleikinn. Búningahönnun Filippíu I. Elisdóttur er afbragðsgóð. Fötin eru látlaus, tóna vel saman og gefa góða mynd af hversdagslega smábænum.

Allt í góðu

Eftir áflog tveggja einstaklinga í sýningunni falla þessi orð: „Er þá allt í góðu?“ Setningin er mjög lýsandi fyrir Sem á himni sem er nánast átakalaus. Það er nefnilega í góðu, allan tímann, og atriðin sem eiga að koma á óvart eru fyrrsjáanleg. Ýmislegt gerist í þessu ágæta þorpi og lögin stytta áhorfendum stundir en dramatíkin ristir aldrei djúpt og snertir sjaldan hjarta-strengina. Ekki er hægt að sakast við listræna teymið eða leikarana heldur söngleikinn sjálfan sem minnir frekar á uppkast heldur en fullklárað verk. ■

NIÐURSTAÐA: Átakalítið en áferðarfagurt þunnildi, skreytt með söng.




MATUR & HEIMILI
með Sjöfn Þórðar

ÞRIÐJUDAGA
KL. 19.00 OG
21.00

MATUR OG HEIMILI

MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. Í þáttunum heimsækir Sjöfn heimili, kaffi- og veitingahús og eldhús matgæðinga, sælkeru- og matarbloggara. Áhorfendur fá innsýn í heimili og staði viðkomandi og kynnast matarmenningu, persónulegum stíl og hönnun hvers og eins.

ALLA ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00 OG 21.00



HRINGBRAUT

Þráinn byrjaði á nýju lífi í fyrsta hálfhring

Þráinn Bertelsson var heiðraður fyrir framlag sitt til íslenskrar kvikmyndagerðar á Edduverðlaunahátíðinni á sunnudaginn. Eftir hann liggja sjö bíómyndir í fullri lengd sem náðu sumar hverjar fádæma vinsældum. Enda gerðar fyrir almenning sem tók til dæmis Lífs-myndunum opnum örmum.

toti@frettabladid.is

Þráinn Bertelsson lauk prófi í leikstjórn og kvikmyndaframleiðslu frá Dramatiska Institutet í Svíþjóð 1977. Áð námi loknu stoppaði hann stutt við hjá RÚV áður en hann fór á fullt í kvikmyndagerðina sem var aðalstarf hans, sem handritshöfundur, framleiðandi og leikstjóri, í fimmtán ár.

Fyrstu mynd sína gerði hann 1981 eftir hinum vinsælu barnabókum Guðrúnar Helgadóttur um Jón Odd og Jón Bjarna. Þegar 25 ár voru liðin frá frumsýningu heyrði Fréttablaðið í Þráni.

„Já, bíddu við, er kominn aldarfjórðungur?“ segir Þráinn hugsí. „Ég held að ég hafi ekki séð myndina síðan sumarið 1981 á kvikmynda-hátíð á Ítalíu. Ég er nú bara ekki þannig innritaður að ég hafi gaman af því að skoða eða lesa eitthvað sem ég hef búið sjálfur til.“

Þráinn lét þess þó getið að hann hefði fengið stöðugar athugasemdir um myndina þessi 25 ár sem þá voru liðin frá frumsýningu. „Fullorðið fólk sem sá myndina sem krakkar kemur upp að mér og þakkar mér fyrir, þó svo að það ætti frekar að þakka Guðrúnu Helgadóttur og leikurunum. Nú, og svo koma 100 kílóa viðskiptaboltar ljómandi til manns og þakka manni fyrir, mér finnst það óskaplega gaman.“

Þráinn rifjaði einnig upp að hann hafi á sínum tíma fengið nokkra gagnrýni fyrir það metnaðarleysi að eyða tíma sínum í að búa til kvikmynd handa börnum. „Þetta var fyrsta bíómyndin mín og ég ákvað að gera mynd handa börnum vegna þess að mér fannst þörfin vera mest hjá þeim. Ég hef aldrei séð eftir því síðan, en þetta varð til þess að maður var svolítið settur út í horn. Mér var sagt að ég ætti að gera kvikmyndir eins og Ingmar Bergman og fleiri, en ég hafði engan áhuga á því að fara í fötin hans, mér líður vel í mínum.“

Lífsnaudsynlegur grallaraskapur Eftir Jón Odd og Jón Bjarna lá leið Þráins til Vestmannaeyja þar sem hann tók Nýtt líf upp og vann í raun eftir „dogma“ aðferð frænda vorra í Danmörku allnokkru áður en þeir kynntu þann stíl til sögunnar.

Nýtt líf náði gríðarlegum vinsældum þannig að Þráinn fylgdi myndinni eftir með Dalalífi, sem varð enn vinsælli en fyrirrennarinn, og lokaði þrileikum með Löggulífi. „Grallaramyndir eins og hin þrjú líf Þráins eru nefnilega nauðsynlegur partur af filmgerð allra landa, og sú niðurlægning sem þessi listiðnaður er lentur í hérlandis gerir

Jesús sagði:

„Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungna sem til mín kemur og þann aldrei þyrsta sem á mig trúir.“

Jóh. 6.35



Þráinn Bertelsson og vinur hans, bolabiturinn og hugsuðurinn Theobald, sem kvaddi þennan heim nýlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Ég held bara að ég hafi ekki skemmt mér eins innilega á íslenskrí kvikmynd fyrri.

Ó.M.J. um Nýtt líf í Morgunblaðinu 1983



Nýtt líf er mjög hugguleg mynd á allan hátt og tekst vel til í hlutverki sínu sem er að kitla hláturtaugar landans, hreint bráðfundin mynd...

FRI um Nýtt líf í Tímanum 1983

slíkar myndir beinlínis lífsnaudsynlegar,“ skrifaði Mördur Árnason í gagnrýni sinni um Löggulíf í Þjóðviljann 1985.

Þráinn ræddi Jón Odd og Jón Bjarna og íslenska kvikmynda-landslagið við Morgunblaðið í aðdraganda frumsýningar sinnar fyrstu bíómyndar í desember 1981.

„Það dásamlega við kvikmyndagerð á Íslandi er það, að hér er næstum allt óplægður akur. Það er ekki eins og í Ameríku, þar sem vinsælustu myndirnar núna eru meira og minna endurtekningar á gömlum myndum. Þar eru menn komnir í hring. Við erum ekki komnir í hálfhring, hvað þá meira.“ sagði Þráinn sem tók hringinn með fjölbreytilegum stæl og uppsker nú löngu verðskuldaðan sóma fjórum áratugum síðar. ■

Framlag Þráins

Þráinn Bertelsson hlaut á sunnudagskvöld Heiðursverðlaun Eddunnar 2022 fyrir ómetanlegt framlag sitt til íslenskrar kvikmyndagerðar, eða eins og það var orðað á verðlaunahátíðinni: „Fyrir íslenska kvikmyndagerð og okkur samstarfsfólk þitt hér í salnum verður þú alltaf brautryðjandinn sem komst eins og ferskur vindur inn í lagið með þinn einstaka hæfileika til að segja sögur og upphefja mannlega þáttinn í kómískum og oft pinlegum aðstæðum. Þitt framlag til íslenskrar kvikmyndagerðar er ómetanlegt.“

Jón Oddur og Jón Bjarni (1981)



Þráinn byggði sína fyrstu bíómynd á feikivinsælum barnabókum Guðrúnar Helgadóttur um tvíburabræðurna uppátekta sömu

Jón Odd og Jón Bjarna. Myndin fjallar um það þegar bræðurnir laumast burt úr sumarbúðum með tveimur vinum sínum og lenda þeir í fjölda ævintýra. Þeir komast hins vegar að því að þeir eru ekki einir í heiminum.

Nýtt líf (1983)



Þráinn kynnr þjóðina fyrir lukkuriddurunum Þór og Danna sem freista gæfunnar í verbúð í Eyjum. Þar kynnst þeir kynlegum

kvistum og spennandi fólki eins og Viglundi verkstjóra, bónusvikingnum Axel, ungrú Snæfells- og Hnappadalssýslu, Maríu Lundadóttur, svo nokkur séu nefnd. Þeir félagar hittu þjóðina í hjartastað og vinsældirnar urðu til þess að ný líf þeirra og ævintýri voru rétt að byrja.

Dalalíf (1984)



Eftir að hafa brennt flestar brýr að baki sér í Reykjavík ákveða svikahraparnir og meintu búfræðingarnir Þór og Danni að hverfa út á land þar sem þeir taka að sér að passa upp á bóndabæ. Þar taka þeir sér ýmislegt fyrir hendur; viðra hænurnar, mála kindurnar og dreifa áburði yfir hreinan þvott.

Skammdegi (1985)



Hér kveður við mun alvarlegri tón en í fyrri myndum Þráins. Ung ekkja hefur erfitt helming eignar á vesturhluta landsins, en hinn helminginn á mágur hennar.

Hún er tilbúin til þess að neyta allra bragða til þess að fá mágin til þess að selja sinn hluta en ekki líður á löngu þar til henni finnst einhver ókunnug manneskja sitja um hana og að lífi hennar sé ógnað.

Löggulíf (1985)



Enn skjóta vandræðagæmlingarnir Danni og Þór upp kollinum og reka nú gæludýrabjónustu auk þess sem þeir hafa uppi mikilfengleg áform um


að reyna að selja alþjóðlegum fálkasmyglara kjúklinga dulbúna sem fálkaunga. Tilviljanir verða síðan til þess að þeir eru skyndilega orðnir lögregluþjónar.

Magnús (1989)



Verðlaunamyndin Magnús fjallar um samnefndan lögfræðing sem kippir sér ekki upp við að láta bera út ekkju og mundaðarleysingja

Einkalíf (1995)



Einkalíf fjallar um þrjú ungmenni, sem komast yfir kvikmynda-tökuvél og taka til við að gera heimildarmynd um foreldra sína og ættingja sem virðast við fyrstu sýn vera ofurvenjulegt fólk. Þegar einkalíf fólksins er hins vegar komið í fókus myndavélarinnar kemur í ljós að undir yfirborðinu leynast skrautlegir persónuleikar sem hafa sína margvíslegu djöfla að draga.

Sigla himinfley (1994)



Þráinn leikstýrði sjónvarpsþáttunum Sigla himinfley við slíkar vinsældir að sextán árum eftir frumsýningu náði DVD-útgáfan metsölu

hjá Eymundsson. Þráinn sagði þá við Fréttablaðið að honum þætti óskaplega vænt um það og „voða gaman að þetta skuli vera svona endingargott.“

Hvernig hljómar það sem þú sérð?



Beltone Imagine™ – hágæða heyrnartæki

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



AMERÍSKIR DAGAR



SEATTLE Sealy

heilsurúm - dýna með botni



Verðdæmi: 160 x 200 cm. 189.900 kr.

Nú **151.920 kr.**

Seattle heilsurúmin frá Sealy eru millistíf heilsudýna með pokagormum sem gefa fullkominn stuðning. Hún er svæðaskipt og skipt upp eftir svæðum þannig að það er með meiri stuðning þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjóðmum. Náttúrulegt Talalay latex í bland við mismunandi svamptegundir gefa henni gott loftflæði. Seattle Sealy fæst í eftirtöldum stærðum: 120 x 200, 140x200, 160x200 og 200 x 200 cm



AUSTIN sófi

3ja sæta stillanlegur sófi. Hægra og vinstra sæti eru hallanleg með skammel. Miðjusæti

niðurfellanlegt og verður að borði. 198 x 95 x 98 cm.

Verð 299.900 kr.

Nú **239.920 kr.**



AUSTIN

rafdrifinn hægindastóll

Stillanlegur með innbyggðum skemli. Ýmsir litir.

Verð 149.900 kr.

Nú **119.920 kr.**



BUFFALO

lyftistóll

Stillanlegur lyftistóll, innbyggður skemill. Leður á öllum slitflötum.

Verð 229.900 kr.

Nú **183.920 kr.**



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

*Verð og vörupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



Júlíus Freyr ætlar að skauta yfir ferilinn á 51 árs afmælistónleikunum sem munu spanna allt frá vasa-klútalögum yfir í harðkjarnarokk.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Bergrisi skautar milli Gálunnar og Deep Jimi

Júlíus Freyr Guðmundsson, trommari Deep Jimi og bassaleikari með Bjartmari og Bergrisonum, ætlar að snerta á öllu því sem hann hefur komið nálægt á ferlinum á tónleikum í Frumleikhúsinu og því munu fljóta með lög sem hann gerði með föður sínum Rúnari heitnum Júlíussyni.

toti@frettabladid.is

Tónlistarmaðurinn Júlíus Freyr, sonur Guðmundar Rúnars Júlíussonar, ætlar að renna sér í gegnum feril sinn á tónleikum í Frumleikhúsinu í Reykjanesbæ á fimmtudagskvöld.

Júlíus Freyr varð 50 ára í fyrra og hlaut það sama ár Súluna, menningarverðlaun Reykjanesbæjar, og tónleikarnir á fimmtudag tengjast þessu tvennu og þeim tímamótum að stýttist í nýjan Súluverðlaunahafa. Tónleikarnir eru því öðrum þræði einhvers konar afmælistónleikar og hann segir þá ekkert endilega á eftir áætlun sem slíkir.

„Þeir eru svo sem á áætlun, en ég er 51 árs sem er kannski ekki alveg eðlilegasti aldurinn fyrir svona en það er ekkert að því,“ segir Júlíus Freyr sem hefur meðal annars gert garðinn frægan sem trommari hljómsveitarinnar Deep Jimi and the Zep Creams og bassaleikari Bergrisanna sem hafa undanfarið slegið hressilega í gegn ásamt Bjartmari Guðlaugssyni.

Allt í öllu með Gálunni
Þá mun Gálan, listamannsnaflnið



Ég held ég hafi verið þrettán ára þegar ég var að taka Magga Þór upp með Ísland er land þitt.

sem Júlíus Freyr hefur notað í gegnum tíðina, vitaskuld ekki liggja óbætt hjá garði. Hann hefur gefið út þrjár sólóplötur undir merkjum hennar þar sem hann semur öll lög og texta auk þess að spila á hljóðfærin sjálfur. Þá vann Júlíus Freyr nokkrar hljómplötur með föður sínum Rúnari Júlíussyni og allt mun þetta koma, ásamt fleiru, við sögu á tónleikumunum.

„Þetta verður náttúrulega bara mjög vítt. Það er breidd í þessu, alveg frá vasaklútalögum upp í harðkjarnaþungarokk og svo sólóíð þannig að þetta fer út um allt,“ segir Júlíus Freyr og nefnir föður sinn sérstaklega. „Ég gerði líka fullt af lögum með honum.“

Upptökuheimilið Geimsteinn
Rúnari setti, eins og löngu frægt er orðið, upp hljóðver á heimili sínu í Keflavík 1982. Stúdíóið, sem hann rak til hinsta dags, var ídulega kallað Upptökuheimilið Geimsteinn og þar ólst Júlíus Freyr upp.

„Já, ég er náttúrulega alinn upp í

hljóðveri. Ég held ég hafi verið þrettán ára þegar ég var að taka Magga Þór upp með Ísland er land þitt af því pabbi þurfti að fara á fótboltaæfingu,“ segir hann um hið fornfræga lag Magnúsar Þórs Sigmundssonar af plötunni Draumur aldamótabarnsins.

„Þetta var bara svo Maggi þurfti ekki að hætta,“ segir Júlíus Freyr um elstu skemmtilegu minninguna af mörgum úr Upptökuheimilinu Geimsteini.

Fjör í Frumleikhúsinu

Tónleikastaðurinn stendur einnig nærri hjarta tónlistarmannsins en hann kom að uppbyggingu Frumleikhússins ásamt öðrum félögum í Leikfélagi Keflavíkur, sem hann hefur starfað með í rúm 30 ár og meðal annars samið tvo söngleiki sem leikfélagið setti á svið.

Félagar og vinir Júlíus Freys í hljómsveitinni Fautum frá Reykjavík sem er skipuð Bergrisonum Birki Rafni Gíslasyni á gítar, Daða Birgissyni á hljómborð og Arnari Gíslasyni á trommur. „Og svo Guðna Finnssyni á bassa vegna þess að ég verð þarna á kassagítarunum og syng.“

Júlíus Freyr mun sem fyrr segir flytja úrval laga af tónlistarferli sínum sem Gálan og með Pandoru, Deep Jimi and the Zep Creams, Bergrisonum, föður sínum og öllum þeim listamönnum sem hann hefur unnið með í gegnum tíðina. Tónleikarnir í Frumleikhúsinu í Reykjanesbæ hefjast klukkan 21 að kvöldi fimmtudagsins 22. september. Miðasalan er á tix.is. ■

Guðni með Mjölni í skjaldarmerkinu

toti@frettabladid.is

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, var sæmdur æðsta heiðursmerki danska ríkisins, riddaraorðu filareglunnar, 2017.

Þeim heiðri fylgir riddaraskjöldur sem er hannaður sérstaklega fyrir hvern orðuhafa og á mánudaginn í síðustu viku var skjöldur Guðna afhjúpaður með viðhöfn í Riddarakapellu Friðriksborgarhallar í Kaupmannahöfn.

Eliza Reid forsetafrú birti myndir frá athöfninni á Facebook-síðu sinni og útskýrði í leiðinni þær táknmyndir sem Guðni valdi á skjaldarmerki sitt. Latneska setningin



Guðni og Eliza við afhjúpun skjaldarmerkis forsetans.

„Tibi ipsi estu fideles“ útleggst á íslensku „Vertu sjálfum þér trú“ og bókin stendur fyrir þekkingu og um leið ást forsetans á bókum.



Mjöltnir, hamar Þórs, hvílir á bókinni sem tákn um þrótt og hreysti og íslenskan menningararf, að sjálfsgöðu. Ö l d u r n a r táknna hafið umhverfis Ísland, laufið af kanadíska hlyntrénu vísar vitaskuld beint til Elizú sjálfrar og akkerin fimm standa fyrir börnin fimm sem Eliza segir vera jarðtengingu Guðna. ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is



MEGA VIKA

1790 kr.



Í APPI OG Á DOMINOS.IS
ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI, EF ÞÚ SÆKIR

Bakþankar



Kristbjargar
Þórisdóttir

Út úr myrkrinu

Nýlega var ég spurð hvort það væri ekki erfitt að vera í mínu starfi (klínískur sálfræðingur) og heyra um erfiðleika fólks. Spurningin vakti mig til umhugsunar og svarið var einfalt. Nei, það væri alls ekki erfitt að heyra um áföll, neikvæðar tilfinningar og erfiða lífsreynslu sem fólk sem kemur til mín er að takast á við. Margt fólk er algjörar hetjur í að takast á við vanda sinn sem ég dáist að.

Það sem er erfitt við mitt starf og íþyngir mér og mörgum kollegum mínum er vitneskjan um langa biðlista og það fólk sem þjáist en kemst ekki að hjá sálfræðingum og öðru fagfólki eða leitar ekki aðstoðar.


Sálfræðingar hafa lært og fengið þjálfun í að veita þá meðferð sem rannsóknir sýna að skilar bestum árangri fyrir flesta (hugræn atferlismeðferð). Talið er að ein af hverjum fjórum manneskjum þjáist af geðrænum vanda á hverjum tíma. Það sem verra er að talið er að minna en þriðjungur þeirra fái viðeigandi meðferð. Margir leita sér ekki aðstoðar og aðrir fá ekki rétta meðferð.

Hvenær ætlum við sem samfélag að horfast í augu við það að ómeðhöndlaður geðrænn vandi skapar gríðarlegan sársauka, kostnað, heilbrigðisvanda og getur því miður leitt til sjálfs-víga en um 40-50 falla fyrir eigin hendi árlega eins og kemur fram í myndinni „Út úr myrkrinu“ sem ég hvet alla til að sjá.

Ég velti fyrir mér hvernig fjárlög og fjármálaáætlanir næstu ára muni tryggja fólki sem þjáist leið út úr myrkrinu þangað sem það getur þrífist, vaxið og dafnað í okkar samfélagi. ■



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ




LÆGSTA
VERÐIÐ
 Á AKUREYRI
 ER Á MÝRARVEGI



WWW.SVEFN OG HEILSA.IS

VERSLANIR:

ENGJATEIGI 17-19,
 REYKJAVÍK
 S: 581 2233



BALDURSNESI 6,
 AKUREYRI
 S: 461 1150



OPID:

VIRKA DAGA.....KL. 10:00 -18:00
 LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

UMBOÐSAÐILAR:

HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
 BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR